

**Sp.**

**681. Fyrirspurn**

[378. mál]

til félagsmálaráðherra um eignatap íbúðarkaupenda og húsbyggjenda vegna misgengis launa og lánskjara.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve margir festu kaup á íbúð eða hófu byggingu húsnæðis á árinu 1981, 1982 og 1983?
2. Hve margir þeirra, sem keyptu íbúð eða byggðu húsnæði á árinu 1981, 1982 og 1983, hafa leitað aðstoðar ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar á árinu 1986? Hve margir þeirra leituðu einnig til ráðgjafarþjónustunnar á árinu 1985?
3. Hve mikið hefur eignatap þeirra einstaklinga orðið sem keyptu eða byggðu húsnæði á árunum 1981, 1982 og 1983?

**Greinargerð.**

Óskað er eftir því í svari við 3. spurningu að aflað verði upplýsinga úr skattaframtölum allra þeirra, sem keyptu eða byggðu húsnæði á árunum 1981, 1982 og 1983, um heildartekjur og eignarskattsstofn fyrir hvert ár, þ.e. eignir að frádregnum skuldum fyrir skattárin 1980–1985. Þessar upplýsingar óskast settar fram á aðgengilegan hátt (myndrit) sem sýnir fjölda einstaklinga og þær fjárhæðir sem hver einstaklingur hefur tapað á tímabilinu 1980–1985. Allar tölur verði reiknaðar til verðlags við áramót 1985–1986.

Óskað er eftir því að engin persónuauðkenni tengist þessum upplýsingum.

Reiknað skal með heimilistekjum þar sem við á.

Upplýsingar óskast sérstaklega um þann hóp sem leitað hefur aðstoðar ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar á þessu ári.

Þess er farið á leit að félagsmálaráðherra láti ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar og Þjóðhagsstofnun leita þessara upplýsinga með tölvuvinnu.

**Skriflegt svar óskast.**